



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

LOVE3RV05

Lokaverkefni

Kennari/kennarar:	Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), agustaragnars@fsu.is Ester Ýr Jónsdóttir (EÝJ), ester@fsu.is Guðbjörg Bergsveinsdóttir (GB), gudbjorgbergsveinsdottir@fsu.is Sölvi Snær Jökulsson (SSJ), solvis@fsu.is Thelma María Marínósdóttir (TMM), thelma@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga vinnur nemandi á síðasta námsári að lokaverkefni sem byggir á fræðilegri þekkingu á námssviði/sérgrein hans. Áfanginn gefur möguleika á þverfaglegu samstarfi, þó er gert ráð fyrir að nemandinn velji efni tengt meginviðfangsefni sinnar námsleiðar. Nemandinn ákveður sjálfur viðfangsefni í samráði við kennara og í lok annar gerir nemandinn ítarlega grein fyrir verkefni sínu.

Áfanganum er ætlað að skerpa undirbúning nemandans fyrir framhaldsnám. Nemandinn fær kennslu í helstu aðferðum rannsókna og þjálfun í þeim fræðilegu vinnubrögðum sem tíðkast við vinnslu, frágang og miðlun verkefna. Í áfanganum fær nemandinn tækifæri til að draga saman reynslu og fyrra nám í verkefnavinnu sinni. Áhersla er lögð á að nemandinn sýni sjálfstæði í vinnubrögðum, virkni og frumkvæði, þjálfu skipulagshæfileika sína og taki ábyrgð á eigin námi; enda skipuleggur hann vinnu sína sjálfur undir almennri verkstjórn kennara.

Undanfari: Að nemandi sé á síðasta námsári og hafi lokið a.m.k. einum áfanga á 3ja þrepi í því fagi sem lokaverkefnið tengist.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- aðferðum, hugtökum og kenningum ólíkra fræðisviða
- mikilvægi gildra rannsóknargagna og heimilda
- ólíkum rannsóknaraðferðum
- raunhæfri markmiðasetningu og afmörkun viðfangsefna
- tilteknu viðfangsefni sem hann hefur valið sér
- reglum um höfundarrétt og hugmyndum um hugverkastuld

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja verkefni með ábyrgum og sjálfstæðum hætti
- sýna frumkvæði og skapandi nálgun
- lesa fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli
- vinna úr heimildum samkvæmt skv. leiðbeiningum skólans og viðurkenndum reglum um meðferð og úrvinnslu þeirra
- beita viðeigandi aðferðum við útfærslu verkefnisins s.s. uppbyggingu og framsetningu
- tjá sig á skýran, ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt um eigið verkefni

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmyndir og sýna sjálfstæði, áráðni og innsæi við útfærslu þeirra og túlkun
- tjá sig og miðla þekkingu, hugmyndum og skoðunum fyrir framan hóp, bregðast við gagnrýni og sýna útsjónarsemi í óvæntum aðstæðum
- nýta fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna
- breyta hugmynd í afurð á formi fræðilegrar ritgerðar/skýrslu/greinar
- átta sig á virði verkefnisins og menntunar sinnar fyrir samfélag og atvinnulíf
- vera meðvitaður um styrkleika sína
- gera raunhæfa verkáætlun og framfylgja henni

Námsefni:

- Nemendur afla sér námsefnis í samræmi við valið viðfangsefni.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
2-3	4.–17. janúar	Hugsa um efni, leita að hugmyndum, lesa fyrstu heimildir og ræða við kennara.	Efnisval (drög) , skil 15. janúar
3-4	11.–24. janúar	Skrifa verkefnatillögu: með rannsóknar-spurningu (ef við á), markmiðum, aðferðum og tímaáætlun.	Verkefnatillaga , skil 22. janúar
5-6	25. janúar–7. febrúar	Lesi fræðilegar heimildir, taka saman helstu niðurstöður fyrri rannsókna. Verklegrar vinnsla (þar sem við á) skal hafin.	Heimildayfirlit (drög) , skil 5. febrúar
7-8	8.–21. febrúar	Safna gögnum, framkvæma rannsóknir og/eða vinna að sköpun.	Aðferðir , skil 19. febrúar Miðannarmat 20. febrúar
9-10	22. febrúar–7. mars	Kynna stöðu verkefnis fyrir kennara og fá endurgjöf.	Millikynning , skil 5. mars
11-16	8. mars–18. apríl	Skrifa ritgerð/greinargerð/skýrslu, framkvæma rannsókn og/eða skapa verk	Lokaverkefni (drög) , skil 16. apríl Kátir dagar og Flóafár 18.–20. mars
17-19	19. apríl–9. maí	Ganga frá lokaverkefni, undirbúa kynningu og kynna verkefni	Lokaverkefni , skil 7. maí

Sérreglur áfangans:

Það þarf að standa skil á öllum námsþáttum, það þarf að skila fullunninni lokaafurð sem nær hið minnsta 5,0. Nemendur skulu kynna verkefnið fyrir framan aðra nemendur í áfanganum, kennara sína og mögulega utanaðkomandi gesti.

Nemendur skulu mæta í boðaða tíma.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans. <https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati		Vægi
Verkefnatillaga	Námsmat: Skýr markmið, rannsóknarspurning, aðferð og afmörkun.		10%
Heimildayfirlit	Lesi fræðilegar heimildir, taka saman helstu niðurstöður fyrri rannsókna. Námsmat: Fræðileg umfjöllun og notkun viðeigandi heimilda.		15%
Aðferðir	Safna gögnum, framkvæma rannsóknir og/eða vinna að sköpun. Námsmat: Val á aðferðum, gagnaöflun og siðferði.		10%
Millikynning	Kynna stöðu verkefnis fyrir kennara og fá endurgjöf. Námsmat: Kynning á stöðu verkefnis og framvindu.		10%
Lokaverkefni	Ganga frá lokaverkefni, undirbúa kynningu og kynna verkefni.	Námsmat: Ritgerð/greinargerð/skýrsla/afurð, skipulag, gæði og frumleiki.	35%
Munnleg kynning/vörn		Námsmat: Skýr miðlun, rökstuðningur, svör við spurningum.	15%
Ferilmappa		Námsmat: Dagbók, skipulag, ígrundun og viðbrögð.	5%
Samtals			100%

Námsmats- og prófsýningardagur við lok annar

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- rökstuðning fyrir námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 6. janúar 2026

Ágústa Ragnarsdóttir, kennari og fagstjóri skapandi greina

Ester Ýr Jónsdóttir, kennari og fagstjóri raungreina

Guðbjörg Bersveinsdóttir, kennari

Sölvi Snær Jökulsson, kennari

Thelma María Marínósdóttir, kennari